

STARFSREGLUR

um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni

nr. 821/2000, sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og nr. 1051/2018.

1. gr.

■Ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni, kenningarnefnd, sbr. 14. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, er biskupi og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum til ráðgjafar um mál er varðar kenningu og játningargrundvöll íslensku þjóðkirkjunnar.

2. gr.

■Kenningarnefndin skal fjalla um mál sem kirkjuleg stjórnvöld vísa til hennar um

- a) kenningargrundvöll evangelísk-lútherskrar kirkju, játningar og boðun,
- b) embætti evangelísk lútherskrar kirkju,
- c) handbók kirkjunnar, helgihald og trúarlíf,
- d) samkirkjuleg málefni.

3. gr.

■Biskup Íslands er formaður kenningarnefndar. Aðrir nefndarmenn eru

- a) vígslubiskupar,
- b) [prófessor í trúfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Varamann hans skal guðfræði- og trúarbragðafræðideild tilnefna úr hópi fastra kennara deildarinnar], ¹⁾
- c) einn tilnefndur af kirkjuþingi og annar til vara,
- d) einn tilnefndur af prestastefnu og annar til vara.

□Kenningarnefnd kýs sér varaformann.

1) Starfsrgl. 954/2010, 6. gr.

4. gr.

■Þá nefndarmenn sem greinir í stafliðum b-d í 1. ml. 3. gr. skipar biskup til fjögurra ára, frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskosningar.

5. gr.

■Biskup Íslands leggur kenningarnefnd til fundaraðstöðu og sér um alla þjónustu við nefndina, svo sem vörslu skjala hennar, fundaraðstöðu og gagnaöflun.

6. gr.

■Kostnaður af störfum kenningarnefndar greiðist af kirkjustjórninni.

7. gr.

■Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 14. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2001. Ákvæði til bráðabirgða. [...] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1051/2018, 13. gr.